

Fundur í fagraði nautgriparæktar 2. desember 2013

Fundargerð

Fundurinn var haldinn í nautastöðinni á Hesti og hófst kl. 11.00.

Mættir: Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Þórarinn Leifsson, Sigurður Loftsson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Þóroddur Sveinsson, Baldur Helgi Benjamínsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Björn S. Gunnarsson, Guðbjörg Jónsdóttir og Þorsteinn Ólafsson boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Nýtt kynbótamat
3. Minnisblað um breytingar á kynbótamati fyrir frjósemi
4. Hugmyndir varðandi breytingar á kúaskoðun
5. Ályktun frá sambandi ungra bænda
6. Átaks- og þróunarverkefni RML í ráðgjöf til kúabænda
7. Fagraðstefna nautgriparæktarinnar
8. Kynning á nautakjötsverkefni
9. Ýmis mál sem útaf liggja
10. Önnur mál.
11. Styrkt verkefni sem er lokið og áfangagreiðslur.

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar

Guðný Helga setti fund og stýrði honum.

Fundargerð síðasta fundar, dags. 10. október 2013, samþykkt án athugasemda.

2. Nýtt kynbótamat.

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður úr kynbótamati sem keyrt var nú í nóvember, sérstaklega nautaárganga 2006-2007. Árgangar 2006 og 2007 standa vel undir fyrri dómi og hafa heldur hækkað heldur en hitt. Ljóst að ekki munu koma fleiri naut úr 2006 árgangi til notkunar en ákveðið að taka tvö naut úr árgangi 2007 í notkun til viðbótar þeim sex sem áður voru komin til notkunar.

Afkvæmadómur nautaárgangs 2007 er eftirleiðis:

A-dóm eða nauksfeðradóm hljóta: Sandur 07014, Húni 07041, Toppur 07046, Lögur 07047 og Blámi 07058.

B-dóm eða kýrfeðradóm hljóta: Laukur 07001, Kastali 07003, Dallur 07007, Bólstri 07011, Rjómi 07017, Framherji 07022, Dúllari 07024, Hóll 07037, Klaufi 07038, Blængur 07042, Húfur 07049 og Keipur 07054.

C-dóm og þar með öllu sæði hent hljóta: Prímus 07002, Gullmoli 07004, Baukur 07008, Selur 07010, Svaki 07020, Gári 07031, Stafur 07034, Lukki 07048, Humall 07050 og Stakkur 07059.

Besta naut árgangsins verður valið að lokinni næstu kynbótamatskeyrslu.

Eftirtalin naut verða í notkun veturinn 2013-2014:

Hryggur 05008, Baldi 06010, Logi 06019, Kambur 06022, Dynjandi 06024, Hjarði 06029, Víðkunnur 06034, Sandur 07014, Rjómi 07017, Dúllari 07024, Húni 07041, Toppur 07046, Lögur 07047, Keipur 07054, Blámi 07058, Laufás 08003, Drengur 08004 og Blómi 08017.

Nautsfeður næstu mánuði verða: Hjarði 06029, Sandur 07014, Húni 07041, Toppur 07046 og Blámi 07058.

3. Minnisblað um breytingar á kynbótamati fyrir frjósemi.

Guðmundur renndi yfir minnisblað um breytingar á kynbótamati fyrir frjósemi en í dag er frjósemin metin sem bil á milli burða. Það eitt og sér er ekki nægilega góður mælikvarði. Í dag er orðið mögulegt að nota upplýsingar úr sæðingunum sem var ekki hægt áður. Gunnfríður sagði frá fundi sínum með Ágústi Sigurðssyni en ætlunin er að Landbúnaðarháskólinn vinni nýtt kynbótamat fyrir frjósemi sem verði þá samsettur eiginleiki úr fleiri þáttum.

4. Hugmyndir varðandi breytingar á kúaskoðun.

Rætt um hvort dæma eigi áfram kvígur undan heimanautum. Dómar á þeim taka tíma og kosta fjármuni sem spurning er hvort viðkomandi bóndi ætti að greiða úr eigin vasa.

Fagræð leggur til að við forgangsröðun fjármuna til kynbótastarfs í nautgriparækt verði það haft í huga að eðlilegt sé að kvígur undan heimanautum séu dæmdar á kostnað bænda enda nýtast þær upplýsingar sameiginlegu kynbótastarfi mjög takmarkað.

5. Ályktun frá sambandi ungra bænda.

Fagræði hefur borist eftirfarandi ályktun frá Sambandi ungra bænda:

„Aðalfundur SUB haldinn á Egilsstöðum 16. mars 2013 hvetur til þess að stjórn SUB beiti sér fyrir því að kynbótamat fyrir hæð kúa verði tekin inn í kynbótaeinkunnina.“

Auknar kröfur eru um hærri kýr og hátt arfgengi er á þessum eiginleika og virðist vera sem jákvæð meðalsterk erfðarfylgni sé á milli hæðar og júgurdýptar sbr. BS-verkefni Huldu Jónsdóttur.“

Nú þegar hefur verið ákveðið að vinna kynbótamat fyrir hæð. Hins vegar er kannski ekki tímabært að taka slíkt mat inn í heildareinkunn þar sem ekki er langt síðan byrjað var að meta þennan eiginleika. Gagnsafnið er því tæpast nægilega nógu stórt til þess að byggja heildareinkunn á að svo stöddu.

6. Átaks- og þróunarverkefni RML í ráðgjöf til kúabænda.

Guðmundur og Gunnfríður fóru yfir átaks- og þróunarverkefni í ráðgjöf til kúabænda sem RML er að hrinda af stað. Forsaga þessa verkefnis er sú staða sem uppi er á mjólkurmarkaði nú þegar vantar meiri mjólk og nokkuð fyrirsjáanlegt er að auka þurfi framleiðslu varanlega á næstu árum. Ætlunin er að heimsækja bændur og fara yfir stöðu þeirra og möguleika til þess að auka framleiðslu með skömmum fyrirvara. Þetta verkefni er svo ætlunin að nýtist til frekari þróunar á bæði almennri og sérhæfðri ráðgjöf til kúabænda.

Nokkrar umræður og spurningar í framhaldinu.

7. Fagræðstefna nautgriparæktarinnar.

Guðný Helga ræddi þær hugmyndir sem hafa verið um að halda fagræðstefna fyrir nautgriparæktina í tengslum við aðalfund Landssambands kúabænda og kæmi í stað ársfundar fagræðs. Fagræðstefnan yrði þá haldin á fimmtudegi fyrir aðalfund LK hverju sinni. Sigurður viðraði þær hugmyndir sem LK hefur um þessa ráðstefnu og að þetta væri hugsað sem vettvangur allra þeirra sem að nautgriparækt og markaðssetningu nautgripaafurða koma. Hann sagði þetta vekja meiri athygli heldur en

ársfundur fagráðs hefur vakið hingað til og þetta minnkaði þörfina fyrir framboð fagefnis á aðalfundi LK sem gæti þá eytt meiri tíma í sín innri málefni.

Þó nokkrar umræður um mögulega dagskrárliði. Dagskrá verður unnin áfram á næstu vikum.

8. Kynning á nautakjötsverkefni.

Þóroddur kynnti uppkast að verkefni til að finna út hámarksvaxtargetu íslenskra nautgripa og hvaða áhrif hámarksfóðrun hefur á fóðurnýtingu, tímalengd eldis til að ná sláturstærð, sláturgæði, kjötgæði og kostnað/framlegð framleiðenda við eldið. Ætlunin er að reyna að gera þessa tilraun á Möðruvöllum á árunum 2014-2016. Þóroddur fór yfir væntanlegt tilraunaskipulag, útfærslu á tilrauninni og áætlaðan kostnað við hana.

Nokkrar umræður og spurningar varðandi verkefnið, sérstaklega varðandi framkvæmd og kostnað.

9. Ýmis mál sem útaf liggja.

Ýmis mál eru óráðd/óafgreidd frá fyrri fundum og ákveðið að fresta umræðu um þau til næsta fundar.

10. Önnur mál.

Fundargerðir fagráðs hafa verið birtar á bondi.is en ákveðið að óska jafnframt eftir birtingu á rml.is.

Guðný lagði fram svar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til Bændasamtaka Íslands vegna svars þeirra við athugasemdam ráðuneytisins varðandi úthlutanir úr þróunarsjóðum sauðfjárræktar og nautgriparræktar. Svar ráðuneytisins rætt og þá sérstaklega hvað snertir túlkun á vanhæfisreglum.

Baldur Helgi sagði frá því að til stæði að standa fyrir ferð á „Dansk kvæg kongress“ sem haldin er árlega í lok febrúar. Ætlunin er að þessi ferð verði opin öllum áhugamönnum um nautgriparrækt.

Þóroddur sagði frá því að í BS-verkefni Sigríðar Guðbjartsdóttur um samanburð á áti íslenskra geldneyta við áætlað át í NorFor átgetu íslenskra nautgripa hefði komið í ljós að fóðurnýting íslenskra geldneyta sé 10% lakari en geldneyta af kynjum sem eru notuð í reiknigrunni NorFor. M.ö.o. hefur íslenska kúakynið lakari gróffóðurnýtingu en kúakyn í öðrum löndum samkvæmt þessu.

11. Styrkt verkefni sem er lokið og áfangagreiðslur.

Eftirtöldum verkefnum er lokið og styrkir voru greiddir út í júní s.l.:

BS-verkefni:

Brjóstmál og þungi íslenskra kúa, nemandi Ragnhildur Anna Ragnarsdóttir

Átgeta íslenskra geldneyta, nemandi Sigríður Guðbjartsdóttir

Áhrif útiveru á framleiðsluþætti, nemandi Sigrún Eva Helgadóttir

Efnainnihald og nýtinga á hálbundnu taði, nemandi Guðrún Jónsdóttir.

Heildarframlag þróunarsjóðs vegna þessara fjögurra verkefna: **kr. 862 þús.**

Önnur verkefni:

Verkefni *Júgurhreysti og Dauðfæddir kálfar II* við Landbúnaðarháskóla Íslands undir stjórn Grétars Hrafn Harðarsonar. Lokagreiðsla þróunarsjóðs vegna styrkjanna var **kr. 2.709 þús.**

Verkefnið *Vadiumælingar og vinnubrögð við mjaltir* sem Snorri Sigurðsson vann fyrir SAM. Loka- og heildargreiðsla verkefnisins var **kr. 500 þús.**

Áfangagreiðslur:

Fyrir fundinum lá ósk frá Lbhí um áfangagreiðslu upp á **kr. 1.500 þús.** vegna verkefnis Lilju Daggar Guðnadóttur, *Átgeta mjólkurkúa*.

Fyrir fundinum lá einnig ósk frá Bændasamtökum Íslands um áfangagreiðslu upp á **kr. 550 þús.** vegna verkefnisins *Betri bústjórn* ásamt stöðuskýrslu um verkefnið.

Samþykkt að greiða umbeðnar áfangagreiðslur.

Stefnt að næsta fundi í janúar 2014.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðmundur Jóhannesson

Þórarinn Leifsson

Sigurður Loftsson

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Þóroddur Sveinsson

Baldur Helgi Benjamínsson

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð síðasta fundar, dags. 10. október 2013.
2. Niðurstöður kynbótamats í nautgriparækt í nóv. 2013, samantekt GJ.
3. Minnisblað frá guðmundi Jóhannessyni varðandi nýtt kynbótamat fyrir frjósemi.
4. Hámarksvaxtargeta íslenskra nauta til kjötframleiðslu – uppkast að tilraunaskipulagi frá Þóroddi Sveinssyni.
5. Svar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins við svari Bændasamtaka Íslands vegna athugasemda við úthlutunir úr þróunarsjóðum sauðfjár- og nautgriparæktar.
6. Beiðni Lbhí um áfangagreiðslu rannsóknarverkefnis.
7. Beiðni BÍ um áfangagreiðslu verkefnis ásamt stöðuskýrslu.